

Skyrsla um skógraktina á Hallormsstað undan við árið 1931.

<u>Skógurinn:</u>	<u>Grisjun</u>	<u>fór fram á eftirtoldum skógarsteigum</u>	<u>og var höggið á hverjum sem hér segir:</u>	<u>Hrís.</u>	<u>Efniv.</u>
1. Vörðuhrauni.				44.00	
2. Sv. milli Atlavíkurl. og Kerlingarár				178.00	5.50
3. Sv. milli Kerlingarár og Staðarár				132.00	
4. Hólunum				1.031.00	3.25
5. Flateskóginum				185.00	
6. Partinum				217.40	
			<u>Samtals:</u>	<u>1.787.40</u>	<u>8.75</u>

Á sumum svæðunum va grisjað í annað sinn, einkum í Hólunum. Í Gatnaskóginum og Atlavíkinni var ungskógurinn grisjaður. Það ætti að flýta fyrir proska hans og gera einstaklingana fegurri. Í Flateskóginum og Bólunum var höggvin sá viður er sendur var til Reykjavíkur.

Ársvöxtur: Árið mátti kallast særilega gott ár fyrir skóginnum. Voríð var að vísu mjög kalt og skógurinn lagðist ekki fyr en 25. júní. svo hann yrði algrann, eða réttum mánuði síðar en s.l. ár. Hefur hann aldrei lifnað jafn seint frá því 1924. En um mánaðarmót júlí og ágúst komu miklir hitar og fór þá öllum gróðri vel fram. Prátt fyrir vorkuldana bar ekki á kali. Lengstu ársþrotar urðu 70 cm.

Frævöxtur: Fræ spratt mjög lítið á þessu sumri. Og það sem spratt mun hafa verið lítt þroskað. Voríð er kalt eins og áður er sagt, og sumaríð kom ekki fyrr en seint í júlí. Tíminn til aldursþroska var því langt fyrir neðan meðallag. Hítakafliinn í byrjun ágúst mun þó hafa bætt upp að nokkru hinn stutta vaxtar-tíma einnig að því er frævöxtinn snerti. Reynivíðarfræ spratt nokkuð í Mörkinni, en lítið í skóginum. Safnað var nokkru af því. Berjavöxtur varð lítill. Ribsber náðu ekki að verða fullproskuð. Bláber uxu dálitið, en hrútaber lítið.

Hádkur var enginn á skóginum, og ekki bar á óeðlilegri visnum á blöðunum, eins og í fyrra.

Girdingin: Þó veturnau væri all snjóþungur voru bilanir á girdingunni með minnsta móti. Mé þakka það það að snjórinn hefur lagst á smám saman. Verst fer snjór með girdangar, þegar mikil legst á í einu, því þá slitnað virinn sundur undan þunganum þegar snjórinn sigur.

Græðireiturinn: Sáð var birkifræi, það kom vel upp, en vegna hins stutta sumars fór plöntunum lítið fram.

Dreift var (prikkat) í græðireitnum. Birki	5.900	stk.
— Reynivíð	2.000	-
— Kibs	350	-
— Vífir	380	-
<u>Samtals:</u>		<u>8.530</u> stk.

Seldar voru og sendar úr græðireitnum af þessum tegundum:

Birki	60	stk.
Reynir	127	-
Vífir	43	-
Lævirkjatré	23	-
Furu	47	-
Greni	26	-
Kibs	7	-
<u>Samtals:</u>	<u>355</u>	stk.

Sendar skogræktarstjóra:

Birki	300	-
— — — — — Reynir	100	-

Sendar Guðrúnú Líndal:

Birki	200	-	
Alls látnar úr græðir.		935	stk.
Seldar hnausapl. úr skóginum:		151	-
Sendar skogræktarstjóra		150	301.

Alls látnar úti: 1.236 stk.

Þó sumarið væri stutt, var allgóbúr vöxtur í græðireitnum. Birkiplöntunum frá í fyrra fór vel fram og sama er að segja um oldri birki plöntur. Barrtrén í Mörkinni og græðireitnum uxu vel. Lengstu árssproter voru á Furu 25 cm. Lævirkjartré 40 cm. Rauðgreni 25 cm. Á ryðsveppi í birkifræbedunum bar nokkuð, en carbolin vökvinn reyndist vel (Monorok No 30) Með því að vökva tvísvær a sumri með honum mætti líklega koma í veg fyrir spjöll af völdum sveppsins. Sumarið var vétusamt, einkum framan og þurfti sjaldan að vökva.

Byggingar: Reist var skemma áföst við horðstofuna á Ormsstöðum. Skemman sem fyrir var, var komin að falli og ekki undanfari að byggja hana upp. Og þar er ekkert annað geymsluhús var á bænumi sá ég ekki annað fært, en byggja geymsluhús sem yfði til frambúðar og væri samicleg geymsla.

Hæðin er 9x6 álnir með lofti og ca. 2. áln. porti. Hæð undir loft rúmar 3 áln. Gólfid er steypt og púkkad undir og grafid fyrir púkkunum svo það hvílir á fóstum grunni. Pilstafn er fram á hlað-1þpappaklæddur. Torfstafn var milli gömlu skemmunar og baðstofunar. Var hann rifinn til grunna og skemman reist áfast við grindina í baðstofunni, og piljað milli hennar og skemmunar með nýborðum. Fjósíð sem var utan við gömlu skemmunu var einnig endurbætt. Er nú þilveggur úr nýborðum milli skemmunar og fjóssins, en á 3 vegu eru torfveggir. Pakið á fjósínu er skúrpak, áframhala af pakinu á skemmunu. Járnpak er á skemmunni og tyrfit yfir og torfveggur er að sunnan.

Smiður var fenginn til að reisa húsið, að öðru leiti vannð maðurinn á Ormastöðum sjálfur að byggingunni.

Ferðir fór ég engar á árinu.

Baðstofan á Skjögrastöðum brann til kaldra kola 25. nóv. Sem bráðarbyrgðarísbúð fyrir fólkid var innréttuð skemma á hlaðinu. Til þess að endurreisa bæinn hef ég fest kapp á gömlu kirkju-byggingunni í Vallanesi. Í meðfylgjandi bréfi hef ég skýrt nánari málavöxtu varðandi fyrirhugaða bæjarbyggingu á Skjögrastöðum.

Hallormsstað 19. janúar 1932,
Guttermur Pálsson.